


**LOGI**



**SMÁRI**



**Ársskýrsla Æskulýðsnefndar  
Hestamannafélaganna Loga og Smára**

**2019**



## Ágrip

Á haustdögum var ákveðið að sameina æskulýðsnefndir hestamannafélaganna Loga og Smára. Samstarf nefndanna hefur verið mikið síðustu ár og spennandi að einfalda vinnunna með einni kröftugri nefnd og stokka upp í skipulagi félaganna til að efla starfið frekar sem tókst vel.

Nýja fyrirkomulagið og dagskrá nýs árs var kynnt á opnum fundi í janúar, eftir að hafa haldið fjáröflunarbingó, og var vel tekið í hvoru tveggja og mæting framúrskarandi.

Uppsveitadeild Æskunnar hefur verið mótaröð haldinn af hestamannafélagunum Loga, Smára og Trausta en síðastliðinn vetur ákváðum við í samvinnu við önnur hestamannafélög á Suðurlandi að standa fyrir sameiginlegri mótaröð eftir fyrirmynd gömlu Uppsveitadeildarinnar okkar. Nýja mótaröðin fékk nafnið Æska Suðurlands.

Fjölbreytt námskeið voru haldin á okkar vegum og var gaman að sjá hvað fólk var duglegt að skiptast á að mæta milli sveitarfélaga.

Nefndin hélt utan um reiðnámskeið samhliða Æsku Suðurlands í reiðhöllinni á Flúðum. Um vorið var svo byrjendanámskeið á Húsatóftum. Í Júní og Júlí var svo sitt hvort vikunámskeiðið undir berum himni.

Heimsmeistarakeppnin í Brokk og Skokk var haldin í sjöunda sinn svo tæpt sé á helstu viðburðum.

Lokaverkefni æskulýðsnefndar verður hin árlega haustferð í nóvember.

## Í Æskulýðsnefnd Loga og Smára 2019 sitja:

Elin Moqvist                      Kristín Sigríður Magnúsdóttir

Arite Fricke                      Unnur Lía Schram

Helgi Kjartansson              Linda Karlson

Kathrina Andersen              Alvin Árnason Poulsen

## Bingó

Til að ná okkur í aukafjármagn og kynnst betur var ákveðið að halda bingó í reiðhöllinni á Flúðum í janúar. Það er óhætt að segja að viðtökur hafi farið fram úr okkar björtustu vonum. Það fengust margir og stórir vinningar frá fyrirtækjum í kring og gestir urðu töluvert fleiri en reiknað hafði verið með og fóru allir skælbrosandi heim.

Fyrir afraksturinn var keypt efni til að smíða búnað sem hægt er að nota við hindrunarstökk. Félagar úr Æskulýðsnefndinni smíðuðu svo þessar hindranir með góðri hjálp og nýttust þær strax á fyrsta vetri í námskeiðahald og æfingar fyrir mót.



## Reiðnámskeið, febrúar – apríl

Reiðhöllin á Flúðum er helsti vettvangur vetrarstarfs æskulýðsnefndar. Haldið var reiðnámskeið undir stjórn reiðkennarans Önnu Kristínar Friðriksdóttur þar sem áhersla var lögð á undirbúning fyrir keppni og almenna reiðmennsku. Námskeiðið var keyrt samhliða Æsku Suðurlands og voru þátttakendur 19 talsins á aldrinum 7-14 ára. Mörg þeirra tóku svo þátt í Æsku Suðurlands með góðum árangri, sum hver að þreyta frumraun sína á keppnisvellinum. Í síðasta tímanum var sýning þar sem nemendur sýndu mynsturreið og áhorfendur gæddu sér á kökum og kaffi.



## **Æska Suðurlands**

Frá árinu 2011 hafa æskulýðsnefndir Smára, Trausta og Loga staðið fyrir mótaröðinni, „Uppsveitardeild Æskunnar“. Á haustmánuðum 2018 komu Geysismenn að máli við okkur og langaði að setja upp sambærilega deild fyrir þau félög á suðurlandi sem vildu. Var ákveðið að taka þátt í því verkefni sem byggðist að nokkru leyti á skipulagi Uppsveitardeildar Æskunnar og var hún því lögð á hilluna á meðan.

Niðustaðan varð að setja á fót nýja mótaröð sem ber nafnið „Æska Suðurlands“. Það eru félögin Smári, Trausti, Logi, Ljúfur, Háfeti, Sindri, Geysir og Sleipnir sem standa að framkvæmd mótaráðarinnar.

Keppnisdagar voru þrjú á jafnmörgum keppnisstöðum, á Flúðum, Hellu og Selfossi. Keppt var þrjú sunnudaga í mars og var fyrsta mótið á Flúðum. Þar var keppt í smala, með því sniði sem við þekkjum hér og fjórgang V2.

Annað mótið var á Hellu þar sem keppt var í hindrunarstökki og fimmgangi F2 og síðasta mótið var á Selfossi þar sem keppt var í fimi A og tölta T3 og T7. Þátttakendur frá Loga og Smára voru 15-16 á fyrsta mótinu á heimavelli, en heldur færri á hinum sem fjær voru.

fulltrúar þeirra félaga sem stóðu að mótaröðinni hafa fundað bæði í vor og aftur nú í haust til að leggja drög að framhaldinu, læra af því sem miður fór og halda því til hafa sem vel tókst til um. Ákveðið hefur verið að mótaröðin verði með svipuðu sniði næsta vetur, með einhverjum breytingum þó sem verða kynntar betur þegar nær dregur, en þar má helst telja að ekki verður boðið upp á ungmennaflokk, þar sem þátttaka í þeim flokki var afar dræm síðastliðinn vetur svo það verður haldið áfram með pollastund, barnaflokk og unglingaflokk. Dagsetningar verða sambærilegar og í fyrra, þrjú sunnudaga í mars.

# Myndir frá Æsku Suðurlands



## **Reiðnámskeið, hestaskóli, apríl.**

Þetta var byrjendanámskeið fyrir börn og innifalið var reiðtygi og hestur. Hentaði þetta fyrirkomulag vel fyrir krakka sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni. Alls voru þetta fjögur skipti og 16 krakkar sem tóku þátt sem sýnir að það er mikill áhugi til staðar. Þetta var mjög skemmtilegt og veðrið lék við fólk daganna sem námskeiðið var. Elin Moqvist á Húsatóftum 2 sá um að kenna krökkunum og að halda utan um skólann á sama stað.



## **Námskeið, Hrísholt**

Í Júní var haldið námskeið á félagssvæði Loga í Hrísholti. Reiðkennari var Klara Sigurbjörnsdóttir.

Á námskeiðið mættu 32 knapar, af þeim voru 5 fullorðnir en við buðum öllum aldurshópum að taka þátt og hafa með sér hest og reiðtygi.

Í Júlí var haldið námskeið á sama stað og leiðbeinandi var Kristín Sigríður Magnúsdóttir. Ákveðið var að bjóða upp á hesta, hjálma og reiðtygi í það skiptið.

Á námskeiðið mættu 17 minna vanir krakkar á aldrinum þriggja til fimmtán ára.

Óhætt er að segja að bæði þessi námskeið hafi slegið í gegn, það komust færri að en vildu. Sumir tóku þátt í firmakeppni sem var á sama stað eftir fyrra námskeiðið. Áhersla var lögð í jafnvægi, öryggi og gleði allt eftir getu hvers og eins og hópum stillt upp eftir getu.

Félagsvæðið er gott til námskeiðahalds og var frábært að geta notað, stórt gerði, girðingu fyrir hross yfir nætur, hringvöllinn, kappreiðavöllinn og malarvegina í fallegu umhverfi í sól og blíðu.





## Heimsmeistarakeppnin í Brokk og Skokk, júní

Þann 16. júní héldu Hestamannafélögin í samvinnu við ungmennafélögin Heimsmeistaramótið í Brokk og Skokk 2019 í Skaftholtsréttum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Er þetta í sjöunda sinn sem keppnin er haldin.

Brokk og Skokk gengur út á það að sett er saman lið með einum hesti og tveimur knöpum. Knapar skiptast á að vera á hestbaki og hlaupa á milli skiptistöðva sem settar eru upp með ákveðnu millibili. Hér skiptir tækni miklu máli og þurfa keppendur að skipuleggja sig vel til þess að ná sem bestum árangri.

Þátttaka var góð og átti fólk á öllum aldri skemmtilega stund saman með hestunum.

Átta lið mættu til leiks

1. sæti

Eyþór Ingi Ingvarsson, Baldur Már Jónsson og Prins frá Fjalli 10:15

2. sæti

Ragnar Haraldsson, Guðmundur Sigfússon og Fursti frá V-Geldingaholti 10:45

3. sæti

Magnús Arngrímur Sigurðsson, Erlín Katla Hansdóttir og Snæfríður Íslandssól frá Skarði 10:52



## Vettvangsferð, ferðasaga

Þann 16. nóvember 2018 fórum við í okkar árlegu menningarhaustferð.

Við heimsóttum Berg og Olil í Gangmyllunni, fjölskylduna á Sunnuhvoli og síðan enduðum við með hamborgaraveislu í Fákaseli. Við vorum í samstarfi hestamannafélögin Logi og Smári og gátum því fyllt heila rútu af skemmtilegum krökkum og foreldrum.

Bergur tók á móti okkur af miklum myndarskap. Hann fór með okkur í öll hús og var mikið spáð og spekúlerað í hestaliti, ættir og var mikið spurt og spjallað. Þar var stórkostlegt safn af fallegum stóðhestum þar af margir hátt dæmdir og var hægt að rekja ættir margra þeirra til Álfadísar.

Frami frá Ketilstöðum sýndi okkur Spænsku sporin með eiganda sínum Elínu Holst og við sáum einnig hvernig vatnshlaupabrettið er notað til að þjálfast hestana. Bergur bauð krökkunum djús og margar fullar skálar af nammi. Ekki var það lengi að klárast með svona fínan hóp af krökkum.

Fjölskyldumeðlimir á Sunnuhvoli voru líka góðir gestgjafar. Hesthúsið er fallegt og nútímalegt með samtengda reiðhöll, allt í sama rými. Þar tók fjölskyldan vel á móti okkur. Anna sagði okkur frá því hvernig þau byrjuðu í hestamennsku, um fyrstu merina sem hún eignaðist og spjallaði um hvernig þau hafa stutt og hvatt börnin sín áfram í keppni og daglegri þjálfun.

Heimasæturnar Glódís og Védís sýndu okkur hvernig þær þjálfast hestanna sína. Krakkarnir gátu spurt þær út í æfingarnar og allt mögulegt annað sem tengdist þeirra árangri í hestamennsku og keppni. Hápunkturinn var þegar Kamban frá Húsavík var tekin út úr stíunni og allir sem vildi máttu setjast á bak honum. Virkilega notaleg stund á Sunnuhvoli. Við enduðum ferðina í Fákaseli þar sem allir fengu hamborgara, franskar og gos. Börnin okkar fengu heilmikið hrós frá staðahaldara sem sagðist varla hafa fengið jafn þrúð og stillt börn í heimsókn! Takk fyrir okkur, það var mjög gaman að upplifa þessar stundir.

## Nokkrar myndir frá ferðinni



## **Hefðbundið mótahald**

Vert að geta þess að það eru nokkur mót haldin af félögunum. Keppt er í barna, unglinga og ungmennaflokkum á mótum sem haldin eru án beinnar aðkomu æskulýðsnefndar. Þar má nefna vetrarmótaröðina, sitt hvort töltnótið, firmakeppnir, keppni á Íslandsmóti yngri flokka og gæðingamót í júlí.

## **Samantekt**

Starfið gekk sem sagt heilt yfir mjög vel og þátttaka var góð á öllum sviðum. Það var gaman að nýjungar féllu vel í kramið og almenn sátt er í félögunum þrátt fyrir sameiningu æskulýðsnefnda Loga og Smára. Sameiningin er að hjálpa okkur að gera hlutina af krafti og það gefst vel að kynnast betur og nota fjöldann. Við höldum af stað í nýtt starfsár full af nýjum hugmyndum, með gott skipulag og bjartsýni að vopni.

Öllum þeim fjölmörgu sem styrkt hafa æskulýðsstarf Smára og Loga á einn eða annan hátt er þakkað hjartanlega fyrir samstarfið.

Eigendum mynda sem notaðar eru í þessari ársskýrslu er þakkað kærlega fyrir lánið.

**Æskulýðsnefnd Loga og Smára 2019**